

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 9 600, en endurnýjunarverð í hverjum flokki er kr. 800.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1979.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 381 25. október 1977.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. nóvember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur W. Stefánsson.

10. nóvember 1978.

Nr. 397.

REGLUGERÐ**um takmarkanir á þorskveiðum í nóvember og desember 1978.**

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1978, að báðum dögum meðtöldum, er öllum skipum öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri, óheimilt að stunda þorskveiðar í íslenski fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Skuttogarar með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri, mega ekki stunda þorskveiðar í 21 dag samtals á tímabilinu 15. nóvember til 31. desember 1978. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana, þó þannig, að hver skuttogari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 7 daga í senn.

3. gr.

Útgerðaraðilar skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 5. desember, hvernig þeir haga veiðitakmörkunum á þorskveiðum samkvæmt ákvæðum 2. greinar. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi togarar skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1.—3. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli hvernar veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

5. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því, sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—3. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist herra en 15%, skal svo